

Miðvikudaginn 24. maí 1995.

Nr. 32/1993.

Grétar Sveinsson

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

Guðmari og Jóni hf.

Ásmundi Gústafssyni og

Hilmari Snorrasyni

(Jóhann Þórðarson hrl.)

og gagnsök

Verksamningur. Verktakar. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu með stefnu 17. febrúar 1993. Þeir krefjast þess, að aðaláfrýjandi greiði þeim 6.025.953 krónur með dráttarvöxtum eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Vitnamál var og háð að beiðni aðaláfrýjanda í Héraðsdómi Reykjaness 16. þ. m.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, snýst mál þetta um uppgjör milli aðalverktaka og undirverktaka vegna vinnu við aðveituæð frá Nesjavöllum, sem lýst er í héraðsdómi. Höfðu aðilar áður átt samstarf við verkefni á þessu sviði. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, hefur fjallað um alla þætti deiluefnisins. Hefur ýtarlegri úrlausn hans um ágreining aðila í engu verið hnekk. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Grétar Sveinsson, greiði gagnáfrýjendum, Guðmari og Jóni hf., Ásmundi Gústafssyni og Hilmar Snorra-syni, samtals 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 20. október 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. október sl., var höfðað fyrir bæjar-þingi Hafnarfjarðar með stefnu, birtri 4. febrúar 1991.

Stefnendur eru Guðmar og Jón hf., kt. 671278-0469, Ölduslóð 41, Hafnar-firði, Ásmundur Gústafsson, kt. 040252-2589, Völvufelli 46, Reykjavík, og Hilmar Snorrason, kt. 280558-2659, Vesturbergi 122, Reykjavík. Stefndi er Grétar Sveinsson, kt. 260842-4719, Miðvangi 114, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim 6.025.953 kr. með 40,8% ársvöxtum frá 1. desember 1989 til greiðslu-dags, þannig, að vextir taki breytingum í samræmi við 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987. Málskostnaðar er krafist [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda [...].

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

I.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að stefnendur, sem eru suðuverktakar, voru undirverktakar hjá stefnda, sem var aðalverktaki við 2. áfanga pípu-lagnar Nesjavallaæðar. Verkkaupi var Hitaveita Reykjavíkur, og í útboðs-gögnum kemur fram, að lögnin var 13,6 km.

Stefnendur gerðu stefnda tilboð í hluta verksins 29. maí 1988. Er leið á verktímann, reis ágreiningur um tilboðið og túlkun þess. Tilboðið var að fjárhæð 27.451.982 kr., og töldu stefnendur, að í því fælist aðeins hrein suðuvinna og uppstilling á pípum. Stefndi mótmælti ekki framan af þeirri túlkun, og sá hann um aðra þætti verksins, svo sem að gera undirstöður og sjá um flutning á pípum á verkstað. Í greinargerð stefnda er þessum skiln-ingi stefnenda mótmælt og málið flutt og varið á þeirri málásástæðu, að ekk-ert hafi verið undanþegið í tilboðinu. Hafi stefnendur því átt að sjá um flutning á pípum á vinnustað, uppsetningu á þeim, lekaprófun og þrýsti-prófun, en allir þessir verkliðir hafi lent á stefnda.

Þá deila aðilar um verðbætur, sem stefndi neitar að greiða, flýtifé, sem

stefnendur vilja hlutdeild í, tafabætur vegna vegagerðar, aukaverk, vexti, og fæði, en stefndi útvegaði stefnendum mat, og loks um aðild, en stefndi mót-mælir því, að hlutafélagið Guðmar og Jón hf. eigi aðild að málinu, heldur eigi Guðmar Sigurðsson persónulega aðild.

II.

Stefnendur kveða málavexti að öðru leyti þá, að þeir hafi unnið nokkur undanfarin ár sem suðuverktakar fyrir stefnda. Um hafi verið að ræða bæði stór og smá verk. Guðmar og Jón hf. hafi unnið sem undirverktakar hjá stefnda allar götur frá 1982 við mörg verk við lagningu pípulagna í tengslum við hitaveitu.

Ávallt hafi verið samið á sama hátt um verkin. Guðmar og Jón hf. hafi gert tilboð, annaðhvort skriflegt eða munnlegt, í suðuvinnu. Tilboðin hafi verið þannig úr garði gerð, að undirverktakinn gaf upp tilboðsverð sitt í suðuvinnu hvers einstaks tilboðsliðar samkvæmt fyrirmynd úr tilboðsskrá í útboðsgögnum heildarverksins, svo að stefndi gæti haft hliðsjón af því við gerð tilboðs síns í heildarverkið. Stefndi hafi öll þessi ár séð um flutning efnis og uppsetningu röra í undirstöður og séð um að útvega fæði. Þannig hafi samstarf þeirra gengið í mörg ár og aldrei orðið ágreiningur.

Þar sem um viðamikíð verk hafi verið að ræða, hafi stefnendur ákveðið að vinna saman að því. Þeir hafi gert stefnda eftirfarandi tilboð:

„2.1.	Ofanjarðarpípa.				
2.1.1.	O812,8 × 8,0 pípa 12.418 m	á	1.270	=	15.770.860
2.1.2.	O812,8 × 10 pípa 844 m	–	1.588	=	1.340.272
2.2.1.	Festa F-100, 69 stk.	–	62.000	=	4.278.000
2.2.2.	Festa F-101, 9 stk.	–	62.000	=	588.000
2.2.3.	Festa F-102 A, 2 stk.	–	62.000	=	124.000
2.2.4.	Festa F-103 A, 2 stk.	–	65.000	=	130.000
2.2.5.	Festa F-103 C, 1 stk.	–	65.000	=	65.000
2.3.	Þanar, 84 stk.	–	45.000	=	3.780.000
2.4.	Pípustýring, 84 stk.	–	5.000	=	420.000
2.5.	Tæming O40, 13 stk.	–	2.500	=	32.500
2.5.2.	Tæming O150, 12 stk.	–	18.500	=	222.000
2.7.1.	Pípa í pl. O812, 299 m	–	1.650	=	493.350
2.7.2.	Festa í jörð, 1 stk.	–	38.000	=	38.000
2.7.3.	Endahettur, 24 stk.	–	2.500	=	60.000
2.8.	Tengingar, 4 stk.	–	35.000	=	140.000
Kr.					<u>27.451.982</u>

Tímavinna kr. 1.300.

Guðmar Sig.
Ásmundur Gústafsson
Hilmar Snorrason.“

Tilboðið hafi verið, eins og áður sagði, í suðuvinnu hvers einstaks tilboðsliðar skv. tilboðsskrá í útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæð skyldi verðbætt í samræmi við verðbótaákvæði í útboðsgögnum.

Stefndi hafi síðan gert Hitaveitu Reykjavíkur tilboð í heildarverkið 31. maí 1988, og hafi það verið samþykkt af borgarráði 14. s. m. Heildartilboð stefnda hafi verið 58.960.500 kr.

Laust eftir 20. júní 1988 hafi stefndi tjáð stefnendum, að tilboði sínu hafi verið tekið og orðið að samkomulagi, að stefnendur önnuðust suðu á umræddri pípulögn fyrir það grunnverð, sem tilgreint var í tilboði þeirra. Skyldu þeir vinna verkið í samræmi við verklýsingu í útboðsgögnum heildarverksins og samningsskilmálar og ákvæði útboðsgagna gilda í samskiptum aðila. Áttu stefnendur því að fá greitt fyrir verkið á tveggja vikna fresti í samræmi við framvindu þess ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu 110,8 stig.

Stefnendur kveðast hafa hafið pípusuðuna 7. júlí 1988. Þá hafi stefndi verið búinn að flytja nýu rör á verkstað. Undirstöður hafi ekki verið tilbúnar, og hafi þeir því gripið til þess ráðs að sjóða þrjár og þrjár pípur saman á vegkantinum, en síðan hafi stefndi séð um að leggja þær út á undirstöður með krana. Þeir hafi aðstoðað við að koma pípunum fyrir í sæti. Þannig hafi fyrstu 400–600 metrarnir verið unnir.

Stefndi hafi séð um uppsetningu röranna á undirstöður, en til þess hafi þurft vinnuvélar, þar sem pípurar væru 18 metra langar og um þrjú tonn að þyngd.

Er líða tók á haust 1988, hafi stefnendur gert sér grein fyrir því, að engar verðbætur virtust vera greiddar á samningsverð þeirra. Þeir hafi innt stefnda eftir því, en hann tjáð þeim, að verðbætur væru svo óverulegar, að hann myndi greiða þeim þær um áramót. Þeir hafi þá aflað sér upplýsinga um vísitöluna og komist að raun um, að þeir ættu töluvert fé inni hjá stefnda. Stefndi hafi brugðist illa við, og um áramót hafi hann neitað að greiða þeim verðbætur, en síðar komið með þá sáttatillögu, að þeir fengju greiddar verðbætur að hluta. Þeir hafi ekki sætt sig við það og knúið á um fullar verðbætur.

Suðuvinna stefnenda hafi legið niðri frá því í desember 1988 og fram á vor 1989 vegna veðurs. Á þeim tíma hafi þeir margreynt að fá stefnda til þess að greiða verðbætur, en án árangurs. Í þessum samningaumleitunum hafi stefnendur farið fram á, að gerður yrði skriflegur samningur milli aðila

um verkið til að koma í veg fyrir frekari ágreining. Stefndi hafi ekki tekið því ólíklega, ef stefnendur tækju á sig helming fæðiskostnaðar og greiddu hluta kostnaðar stefnda við uppsetningu röra á undirstöðu, en stefndi hafi þurft að nota fleiri vinnuvélar til þess verks en hann hafi gert ráð fyrir. Stefnendur hafi verið tilbúnir að koma til móts við stefnda að einhverju leyti, ef þeir fengju skriflegan samning, sem stefndi hafi tekið að sér að út-búa. Hann hafi þó aldrei komið með samninginn, og hafi stefnendur því haldið áfram verkinu sumarið 1989 í þeirri von, að deilur þeirra við stefnda um greiðslur verðbóta myndu leysast. Það hafi hins vegar brugðist og samningaumleitanir runnið út í sandinn.

Stefnendur hafi lokið verkinu í október 1989. Sú breyting hafi orðið á verkinu frá upphaflegri áætlun, að stefndi tók að sér að vinna verklíð 2.4. (pípustýring), 2.7.3. (endahettur) og 2.8. (tenging). Magntölur í liðum 2.1.1. og 2.1.2. hafi breyst, annars vegar úr 12.418 m í 12.443,98 m, en hins vegar úr 844 m í 842 m.

Stefnendur hafi einnig tekið að sér aukalega suðuvinnu við lokahús II og III, og hafi verið samið um grunnverð, 824.000 kr., fyrir það verk.

Þá hafi stefnendur unnið ýmis aukaverk fyrir stefnda og gert stefnda reikning vegna þeirra, samtals að fjárhæð 461.569 kr. Verkkaupi hafi samþykkt aukaverk vegna suðuvinnu, að fjárhæð 309.825 kr., og sé kröfufjárhæð við það miðuð.

Stefnendur geri einnig kröfu um hlutdeild í tafabótum og flýtifé, er stefndi hafi fengið greitt frá verkkaupa. Um mánaðarseinkun hafi orðið á því, að stefnendur gætu hafið verkið, því að vegagerð var á eftir áætlun. Þá hafi stefndi eitt sinn fært það í tal við þá, hvort þeir hefðu ekki áhuga á að fá hlutdeild í aukagreiðslu, 1.000.000 kr., ef þeir gætu flýtt verkinu. Þeir hafi tekið vel í það og tekist að skila verkinu fyrr en krafist var. Þeir hafi ekki bætt við starfsmönnum, en bætt lítillega við sig vinnu og staðið heilshugar að því að flýta verkinu. Verkkaupi hafi greitt stefnda 702.132 kr. vegna tafa, og eigi stefnendur rétt á 45% þeirrar fjárhæðar, 315.959 kr., en suðuþátturinn í heildarverki stefnda hafi verið 45%. Á sama hátt eigi stefnendur rétt á 450.000 kr. af flýtifé, sem hafi verið 1.000.000 kr.

Stefnendur sundurliða reikning sinn þannig:

2.1.1.	pípa, O12.443,8 m	á	1.270	=	15.803.626
2.1.2.	pípa, O 842,3 m	–	1.588	=	1.339.002
2.2.1.	festa, 69 stk.	–	62.000	=	4.278.000
2.2.2.	festa, 9 stk.	–	62.000	=	558.000
2.2.3.	festa, 2 stk.	–	62.000	=	124.000
2.2.4.	festa, 2 stk.	–	65.000	=	130.000
2.2.5.	festa, 1 stk.	–	65.000	=	65.000

2.3.	þanar, 84 stk.	–	45.000	=	3.780.000
2.5.1.	lofttæming, 14 stk.	–	2.500	=	35.000
2.5.2.	vatnstæming, 12 stk.	–	18.500	=	222.000
2.7.1.	pípa plast, 255,6 m	–	1.650	=	421.740
2.7.2.	festa plast, 1 stk.	–	38.000	=	38.000
			Samtals	kr.	26.794.368
Lokahús II	á	412.000	=		412.000
Lokahús III	–	412.000	=		412.000
Aukaverk			=		309.825
Tafabætur			=		315.959
Flýtifé			=		450.000
			Samtals	kr.	28.694.152

Allar ofangreindar fjárhæðir skyldu verðbættar með byggingarvísitölu á greiðslutíma. Heildargreiðsla stefnda til stefnenda fyrir verkið eigi að vera án verðbóta 28.694.152 kr., en hann hafi greitt upp í verkið án verðbóta 24.275.012 kr. Skuld stefnda sé því án verðbóta 4.419.140 kr., en með verðbótum stefnufjárhæðin, 6.025.953 kr.

Verðbótaútreikninginn sundurliði stefnendur þannig:

Kr. 3.969.140 × 155,0/110,8–1 = 0,3989	=	1.583.290
Kr. 450.000 × 155,0/147,3–1 = 0,5222	=	23.523
		Samtals kr. 1.606.813

Verðbæturnar séu miðaðar við grunnvísitölu 110,8 stig og reiknaðar til verkloka í október 1989 að undanskildu flýtifénu, en það sé verðbætt með grunnvísitölunni 147,3 stigum í samræmi við greiddar verðbætur verkkaupa til stefnda.

Stefnendur kveðast hafa margsinnis reynt að fá stefnda til að gera upp greiðslur, en stefndi ekki sinnt því. Þeir hafi afhent stefnda uppkast að reikningi, þar sem þeir hafi ekki haft öll gögn til að miða reikningsgerð við. Að lokum hafi þeir leitað til eftirlitsaðila verksins, Fjarhitunar hf., í því skyni að fá upplýsingar, sem nauðsynlegar voru til að gera lokareikning.

III.

Stefndi kveður málavexti þá, að stefnendur hafi gert persónulega tilboð í verkið, eins og undirskrift þeirra á tilboði beri með sér. Þeir hafi gert bindandi tilboð og gefið upp verð í hvern einstakan tilboðslið með vísan til útboðsgagna. Ekkert hafi verið undanþegið í tilboði stefnenda, heldur hafi tilboðið verið gert í alla verkþætti skv. tilboðsliðum. Stefnendur hafi boðist

til að vinna alla þessa verkþætti fyrir 27.451.982 kr. miðað við grunnverð. Stefndi hafi samþykkt tilboð þeirra, og hafi þá verið kominn á bindandi samningur.

Verkkaupi hafi krafist þess, að 6–8 suðumenn væru við vinnu á hverjum tíma, en stefnendur hafi aldrei verið fleiri en fjórir.

Fyrst í stað hafi verið gengið seint. Stefndi hafi því gripið til þess ráðs að bæta við einni traktorsgröfu til viðbótar við beltagröfu, sem var á staðnum. Þá hafi hann bætt við einum manni, og fór þá verið að ganga. Með þessu móti telji stefndi, að hann hafi sparað tvo suðumenn, enda hafi verið farið að ganga betur og náðst að leggja 500–600 metra á dag.

Stefndi lýsir framkvæmd verksins á eftirfarandi hátt:

1. (Verkþáttur 2.1., þar með talið 2.1.1. og 2.1.2.)
 - A. Stefndi kveðst hafa annast flutning á öllum pípum frá efnisgeymslu Hitaveitu Reykjavíkur og á vinnustað. Hafi hann samið við vörubifreiðastjóra til að annast þann verkþátt. Samið hafi verið um kr. 1.500 kr. fyrir hvert rör, en fjöldi þeirra hafi verið 834. Heildargreiðslur til verktakans hafi því verið 1.055.844 kr., en á þá fjárhæð sé eðlilegt, að stefndi leggi 20% til að standa straum af sínum kostnaði, alls kr. 211.168. Þá hafi hann þurft að leggja til einn mann, og hafi kaup hans numið 1.301.300 krónum. Samtals séu útgjöld stefnda skv. þessum lið því 2.568.312 kr.
 - B. Uppsetning á pípum.
Við þessa framkvæmd hafi stefndi lagt til beltagröfu og traktorsgröfu og þrjá menn. Þessi verkþáttur hafi einnig átt að vera innifalinn í tilboði stefnenda.
 - C. Suðuvír, suða, skurður og fösun.
Þennan verkþátt hafi stefnendur unnið að fullu.
 - D. Uppsetning og frágangur undirstaðna.
Við þennan verkþátt hafi stefndi lagt til vörubifreið með krana og menn. Hafi það kostað hann 2.033.800 kr.
 - E. Lekaprófun.
Stefndi hafi unnið þennan verkþátt og lagt til loftpressu, kostnaður 250.895 kr.
 - F. Þrýstiprófun.
Stefndi hafi unnið þennan verkþátt og leigt jarðbor til verksins, sem kostað hafi 678.433 kr. ásamt 20% álagi, samtals 814.128 kr. Stefnendur hafi lagt til einn mann við þennan verkþátt.
2. (Verkþáttur 2.2., þ. e. liðir 2.2.1. til 2.2.5, pípuvinna á ofanjarðarfestum.) Stefndi hafi séð um flutning á efni, en stefnendur annast aðra þætti.

3. (Verkþáttur 2.3., þanar.)
Stefnendur hafi sótt fyrsta þanann, en stefndi hina 83. Aðra verkþætti hafi stefnendur séð um.
4. (Verkþáttur 2.4., pípustýring.)
Þennan verkþátt hafi stefndi einn séð um, og geri stefnendur ekki kröfu um þennan lið.
5. (Verkþættir 2.5.1. og 2.5.2., tæming.)
Stefndi hafi sótt efnið, en stefnendur séð um verkið að öðru leyti.
6. (Verkþættir 2.7.2. og 2.7.2., pípulögn, festur og beygjur.)
Stefndi hafi flutt til efnið og stillt það af með tveimur gröfum og þremur mönnum eins og í verkþætti 2.1.1.
7. (Verkþættir 2.7.3. og 2.8., endahettur og tenging.)
Þessa verkþætti hafi stefndi unnið einn, enda geri stefnendur ekki kröfu um greiðslu á þessum lið.

Sá þáttur, sem stefndi sá um skv. ofanskráðu við uppstillingu á rörum árin 1988 og 1989, hafi numið á grunnverði samningsins 4.412.573 kr.

Stefndi viðurkennir, að til viðbótar framangreindum verkum hafi stefnendur tekið að sér suðu á lokahúsi II og III fyrir grunnverð, 824.000 kr.

Pá skuldi stefnendur svo og Guðmar Sigurðsson persónulega stefnda úttekt á fæði bæði árin 1988 og 1989, samtals að fjárhæð 733.536 kr. Stefndi kveðst hafa dregið fæðiskostnað jafnóðum frá greiðslum til stefnenda og þeir verið því samþykkir. Þeir hafi t. d. hætt í kaffi síðara árið, þar sem þeim þótti það of dýrt.

Stefndi kveðst ekki hafa fallist á að greiða stefnendum verðbætur og sagt við þá, er þeir ámalguðu það, að verðbæturnar skyldu þá renna upp í fæðiskostnað. Svo hafi það gerst, að tollar hækkuðu á byggingarefni og sölu-skattur var settur á verkfræðipjónustu, svo að byggingarvísitala hækkaði og kostnaðarliðir sínir. Engin hækkun hafi hins vegar orðið hjá stefnendum, og hafi sér því fundist óréttlátt, að þeir nytu hækkanar á vísitölu.

Ekki kannaðist stefndi við, að hann hefði lofað stefnendum hlutdeild í flýtifé, ef þeir flýttu verkinu. Þeir hefðu farið í sumarfrí, þegar til stóð að flýta verkinu. Tekist hafi að flýta verkinu aðallega vegna þess, að hann bætti við mönnum og tækjum.

Pá mótmælir stefndi því, að hann hafi torvelað reikningsgerð stefnenda.

Rétt sé, að stefndi hafi séð um flutning á pípum í öllum fyrri verkum, sem Guðmar og Jón hf. unnu fyrir stefnda, og jafnframt ávallt greitt fæðiskostnað. Hins vegar hafi verið sérstaklega um það samið.

Spurður um, hvort hann hefði einhvern tíma á verktímanum kvartað um við stefnendur, að þeir ættu að sjá um pípuflutninga, svaraði stefndi því til,

að svo hefði ekki verið, heldur hefði hann einfaldlega dregið af þeim og miðað greiðslur til þeirra við það, að þeir ættu að sjá um flutningana.

Pegar teknir séu saman þeir verkþættir, sem stefndi annaðist, og kostnaður hans að öðru leyti, sé niðurstaðan þessi:

Greiðslur stefnda	kr.	24.275.012
Flutningur á pípum	–	2.568.312
Flutningur og uppsetning á undirstöðum	–	2.033.800
Kostnaður við lekaprófun	–	250.895
Kostnaður við þrýstiprófun	–	814.126
Kostnaður við uppstillingu á rörum	–	4.412.573
Matarkostnaður	–	772.536
	Kr.	35.127.254

Reikningur stefnenda sé að fjárhæð 27.618.368 kr., og sé því ljóst, að stefnendur skuldi stefnda 7.508.886 kr.

IV.

Höfuðmálsástæða stefnenda í máli þessu er sú, að stefnendur hafi aðeins tekið að sér suðuvinnu við pípulögn Nesjavallaæðar og tilboðsverð þeirra við það miðað. Stefnendur hafi gefið stefnda upp tilboðsverð á þann veg að vísa til númera tilboðslista tilboðsskrárinnar og gefið upp tilboðsverð sitt í suðuvinnu hvers liðar. Öllum ætti að vera ljóst, að tilboðsverðið tók aðeins til suðuvinnu, en hvorki til flutnings efnis og uppsetningar röra á undirstöður né til þrýsti- og lekaprófunar á æðinni. Stefnendur hafi hagað uppsetningu tilboðsins á þennan hátt, til þess að stefndi gæti haft nákvæma yfirsýn yfir tilboðsverð stefnenda, áður en hann gerði heildartilboð í verkið. Hafi stefnendur skilað stefnda tilboðinu, áður en hann gerði tilboð í allt verkið. Það hafi verið tekið skýrt fram við stefnda, að aðeins væri verið að gera tilboð í suðuvinnu. Telja stefnendur, að stefnda hafi verið það ljóst, enda hafi annar skilningur ekki verið á málgaður, fyrr en greinargerð lögmanns stefnda kom fram. Öll framkvæmd verksins hafi verið í samræmi við þessa túlkun. Stefndi hafi séð um alla aðdrætti, en stefnendur aðeins um suðuvinnu.

Þá sé einnig til þess að líta, að tilboðið hafi verið sett upp á sama veg og fjölmörg önnur tilboð, er stefnendur hafi gert sem undirverktakar í suðuverk, þ. e. a. s. með því að vísa beint í tilboðsliði tilboðsskrár í útboðsgögn um hvers heildarverks. Aldrei hafi áður verið bryddað upp á því, að um væri að ræða tilboð í heildarverkið. Þessi tilhögun sé alþekkt á sviði verktakastarfsemi, eins og fram hafi komið hjá vitnum fyrir dómi, t. d. vitninu Sveini Skaftasyni verktaka, sem bar, að þau 20–30 ár, sem hann hefði starfað sem aðalverktaki á þessu sviði, hefði hann ætíð séð um flutning á pípum til suðuverktaka og komið þeim fyrir á undirstöður.

Stefnendur benda einnig á, að þeir hafi verið undirverktakar hjá stefnda nokkrum sinnum áður og þá verið farið eins að.

Stefnendur benda einnig á, að hvergi sé ritað á tilboðið, að um tilboð sé að ræða og að hverjum því sé beint. Eingöngu sé þar að finna upptalningu tölulíða og einingaverð. Tilboðið hafi því ekki sjálfstætt gildi nema vegna þess, að það styðst við nánara samkomulag aðila. Fráleitt sé að líta á tilboðið sem fullnægjandi grundvöll undir verksamningi.

Stefnendur vekja athygli á samanburði á tilboði stefnda í heildarverkið og tilboði sínu. Af þessum samanburði megi ráða, svo að ekki verði um villst, að stefndi áætlaði kostnað sinn við flutning röra og uppstillingu þeirra á undirstöður auk kostnaðar við leka- og þrýstiprófun og hefur síðan bætt þeim kostnaði ofan á tilboðsverð stefnenda.

Að lokum styðja stefnendur þessa málsástæðu sína þeim rökum, að stefndi hafi sýnt af sér tómlæti. Hann hafi haft ótal tilefni til að gera stefnendum viðvart um þessa ætluðu vanefnd, hefði hún átt við rök að styðjast.

Stefnendur mótmæla þeirri fullyrðingu stefnda, að aukaverk hafi ekki verið unnin. Nægi í því sambandi að benda á, að stefndi hefði ekki fengið greitt frá verkkaupa fyrir aukaverk suðumanna, ef þau hefðu ekki verið unnin.

Öll sanngirnis- og eðlirök mæli með því, að stefnendur fái greiddan sinn hluta af greiðslu flýtifjár. Greiðslan komi til vegna tilmæla verkkaupa um, að verki yrði flýtt, þegar liðið var á áætlaðan verktíma, en ekki vegna þess, að stefndi hafi samið í upphafi um þá greiðslu við verkkaupa frekar en stefnendur við stefnda. Verkhættir aðila hafi verið svo samofnir, að til þess að flýta verkinu hafi stefnendur, jafnt sem stefndi, þurft að auka vinnuálag sitt.

Sömu rök eigi við um rétt stefnenda til þess að fá hlutdeild í greiðslum frá verkkaupa vegna tafa.

Stefndi reisir sýknukröfu sína umfram allt á því, að með tilboði sínu hafi stefnendur skuldbundið sig til að vinna alla verkþætti skv. tilboði sínu. Ekkert hafi verið undanskilið í tilboðinu. Ljóst sé, að stefnendur unnu ekki nema hluta af samningsverkinu, og beri því að lækka þá fjárhæð verulega, sem samið var um.

Um tvo möguleika hafi verið að ræða til að reikna út lækkun á samningsfjárhæðinni, annars vegar að fá dómkvadda matsmenn til þess að meta hæfilegan frádrátt og hins vegar að draga frá skv. tímaskýrslum bæði vinnulaun manna og kostnað vegna véla og tækja og samningsfjárhæðir við þriðja aðila. Síðari leiðinni hafi verið beitt, enda hún ódýrari og fljótvirkari. Þeirri aðferð hafi ekki verið mótmælt tölulega.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi sýnt af sér tómlæti við að setja fram kröfur sínar og kvarta um vanefndir stefnenda. Eðlilegt sé að kvarta í lok verks, og það hafi verið gert.

Stefnendur hafi á engan hátt átt þátt í því, að tókst að flýta verkinu, og eigi því ekki rétt til greiðslu flýtifjár. Ekki hafi heldur verið um það samið. Tekist hafi að flýta verkinu eingöngu vegna þess, að stefndi hafi bætt við einni vinnuvél og mannafla.

Í greinargerð stefnda er því mótmælt, að aukaverk hafi verið unnin. Fyrir dómi viðurkenndi stefndi þó, að eitthvað af aukaverkum hefðu stefnendur leyst af hendi, en mundi ekki, í hve miklum mæli það hefði verið.

Aðild Guðmars og Jóns hf. er mótmælt. Stefndi hafi ekki átt nein viðskipti við hlutafélagið um þetta verk. Guðmar Sigurðsson hafi undirritað tilboðið persónulega. Aðildarsamlag stefnenda sé því ólöglegt, og beri að sýkna stefnda af kröfum Guðmars og Jóns hf.

Stefndi bendir á, að ósannað sé, að stefnendur hafi framvísað reikningi fyrir en með innheimtubréfi lögmanns.

Fyrirsvarsmaður Guðmars og Jóns hf., Guðmar Sigurðsson, kom fyrir dóm auk aðila máls þessa. Eftirfarandi vitni komu fyrir dóm: Finnbjörn Gústafsson, sem var starfsmaður Guðmars og Jóns hf., en nú suðuverktaki hjá stefnda, Jón Gunnar Sigurjónsson vörubifreiðastjóri, Gísli Geir Jónsson, verkfræðingur hjá Hitaveitu Reykjavíkur, Sigbór Jóhannsson, verkfræðingur hjá Fjarhitun hf., sem var eftirlitsaðili, Arnór Einarsson, eftirlitsmaður yfir suðuvinnu hjá Hitaveitu Reykjavíkur, og Sveinn Skaftason verktaki.

V.

Í málflutningi krafðist stefndi sýknu af kröfum stefnenda Guðmars og Jóns hf. vegna aðildarskorts. Í rekstri málsins hafði stefndi þá kröfu uppi, en krafðist þó aðallega frávísunar málsins á grundvelli 47. gr. laga nr. 85/1936 um óheimila samlagsaðild sóknar megin. Þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 18. nóvember 1991. Krafa stefnda er reist á því, að hann hafi átt viðskipti við Guðmar Sigurðsson sjálfan og Guðmar undirritað tilboðið persónulega.

Upplýst er í málinu, að Guðmar og Jón hf. komu ávallt fram gagnvart stefnda síðustu átta ár, er þeir voru undirverktakar hjá honum. Guðmar Sigurðsson er í forsvari fyrir félagið og hefur lagt fram skattframtöl þess, þar sem fram kemur, að hlutafélagið taldi fram verk það, er mál þetta fjallar um.

Þegar þetta er virt, en þó sérstaklega, að stefndi tók athugasemdalaust

við kvittunum frá Guðmari og Jóni hf., er hann greiddi inn á verkið, og varð ekki við áskorun stefnenda um að upplýsa, á hvern hátt hann útbjó launaseðla til skattstofu, þykir ekki unnt að verða við kröfu stefnda. Guðmar og Jón hf. verða því taldir réttir aðilar máls þessa. Kröfur stefnenda eru af sömu rót runnar, og telst samlagsaðild þeirra heimil.

Ágreiningur aðila snýst fyrst og fremst um það, hvort túlka beri samning aðila á þann veg, að tilboð stefnenda taki einungis til hreinnar suðuvinnu eða til alls verksins, þ. e., að stefnendur séu bundnir af tilboði sínu með því að vísa í tilteknar greinar í tilboðsskrá. Heldur stefndi því fram, að túlka beri tilboðið þannig eftir orðanna hljóðan. Ef fallist yrði á þá túlkun stefnda, hefðu stefnendur átt að sjá um allan flutning og uppsetningu á pípum og undirstöðum. Þessir verkliðir kostuðu stefnda á grunnverði samtals 9.014.685 kr.

Föst venja er í verktakastarfsemi af þessu tagi, ef ekki er öðruvísi samið, að suðumenn annist einungis suðuvinnu og að stilla upp pípum, er aðalverktaki hefur komið pípunum fyrir á undirstöður. Með uppstillingu er átt við það, að er rörum hefur verið komið fyrir á undirstöðu, stilli suðumenn tvo rörenda af með sérstökum áhöldum, þannig, að rétt suðugap myndist og rörin séu tilbúin til suðu. Að jafnaði unnu tveir menn á vegum stefnenda við að sjóða og aðrir tveir við uppstillingu.

Viðurkennt er af hálfu stefnda, að þessari venju hafi verið framfylgt í fyrri verkum, er stefnendur Guðmar og Jón hf. unnu fyrir stefnda. Þá hafa stefnendur einnig sýnt fram á tilvist þessarar venju með framlagningu skjala og vitnaframburði. Þá styrkir samanburður á tilboði stefnenda annars vegar og stefnda hins vegar þessa fullyrðingu stefnenda. Mismunur á tilboðum er 11.801.518 kr. Þykir því verða að túlka tilboð stefnenda í samræmi við ofangreinda venju, en auk þess þykir krafa stefnda að þessu leyti allt of seint fram komin. Stefndi annaðist þessa verkliði þegar í upphafi verks og var búinn að flytja níu rör á verkstað, er stefnendur hófu störf. Hann kvartaði aldrei um vanefndir af hálfu stefnenda. Það var ekki fyrr en greinargerð stefnda kom fram 5. mars 1991, að þessi krafa er höfð uppi.

Á sama hátt er venjan sú, að suðumenn annist þrýsti- og lekaprófun. Í verklýsingu útboðsgagna kemur fram, að lekaprófun fer þannig fram, að lofti er dælt inn á pípunar undir þrýstingi, eftir að þær hafa verið soðnar saman. Kemur þá í ljós, hvort suða er gölluð. Stefndi sá um framkvæmd á þessum verklið, og þykir bera að samþykkja reikning hans, að fjárhæð 162.885 kr., og eru þá tækjamennt reiknaðir á 600 kr. á klst. og tækjaleiga lækkuð til samræmis við grunnverð samnings.

Þrýstiprófun fer fram, eftir að gengið hefur verið frá lögninni að fullu.

Vatni er hleypt á lögnina undir ákveðnum þrýstingi, og ef suða lætur undan, ber aðalverktaki ábyrgð gagnvart verkkaupa. Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir, að lagningu þriðja áfanga pípulagnar yrði lokið 1. september 1989 og verktaki annars áfanga gæti því fengið vatn frá Nesjavöllum og dælt því þaðan eftir pípulögn, sem aðrir verktakar höfðu lagt. Þetta brást, því að þriðji áfangi var ekki til á tilsettum tíma. Stefndi greip þá til þess ráðs að fá jarðbor með kröftugum dælum, og nam kostnaður hans vegna þessa 581.969 kr. á grunnverði samnings, og verður sú fjárhæð tekin til greina.

Stefnendur gera kröfu um hlutdeild í flýtifé því, er stefndi fékk greitt frá verkkaupa. Gegn mótmælum stefnda þykir ósonnuð sú staðhæfing stefnenda, að stefndi hafi boðið þeim flýtifé. Stefndi réð mestu um, að tókst að flýta verkinu. Hann bætti við verkið einni vinnuvél og einum manni, til að það gengi betur. Þykir því ekki rétt að taka þessa kröfu stefnenda til greina, enda var ekki um það samið, að stefnendur skyldu fá greiddan hluta af flýtifé.

Stefndi fékk greiddar tafabætur vegna tafa, aðallega vegna þess, að vegagerð seinkaði í upphafi verks. Stefnendur áskildu sér ekki slíkar greiðslur í tilboði sínu, og verða kröfur þeirra um hlutdeild í tafabótum því ekki teknar til greina.

Stefnendur gera kröfu um greiðslur vegna aukaverka, er þeir unnu fyrir stefnda, að fjárhæð 309.825 kr. Fyrir liggur í málinu, að eftirlitsaðili samþykkti þá fjárhæð, og hefur stefndi fengið hana greidda. Stefndi hefur samt mótmælt kröfu vegna aukaverka, en ekki rökstutt mótmæli sín. Verða því kröfur stefnenda skv. þessum lið samþykktar.

Stefndi hefur ekki mótmælt þeirri kröfu stefnenda, að samning aðila skyldi greiða verðbættan. Fram kom þó í aðilaskýrslu hans, að honum fannst ósanngjarnt, að hann greiddi verðbætur að fullu, þar sem kostnaðarliðir stefnenda hefðu hækkað óverulega, en hans kostnaðarliðir meira.

Samningur stefnda við verkkaupa var vísitölutryggður, og er venja, að verksamningar við undirverktaka séu einnig vísitölutryggðir, nema öðruvísi sé um samið. Verða því kröfur stefnenda um verðbætur teknar til greina.

Rétt þykir að taka reikning stefnda, að fjárhæð 772.536 kr., vegna fæðis-kostnaðar til greina. Fram hefur komið í málinu og því ekki mótmælt, að stefnendur hættu í kaffi síðara árið, þar sem þeim fannst það of kostnaðarsamt. Venja er einnig, að launamenn fái frítt fæði skv. kjarasamningum, en verktakar greiði sitt fæði sjálfir, nema á annan hátt sé samið.

Gegn mótmælum stefnda þykir ekki sannað, að reikningur hafi verið sýndur fyrr en með innheimtubréfi lögmanns stefnenda 8. nóvember 1990. Stefnendur krefjast dráttarvaxta frá 1. desember 1989 og halda því fram, að stefndi hafi torvelað þeim að útbúa reikning með því að afhenda þeim

ekki umbeðin gögn. Breytingar á vísitölu eru öllum tiltækar svo og aðrar upplýsingar, er stefnendur þurftu á að halda fyrir reikningsgerð sína. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu stefnenda. Upphafsdagur dráttarvaxta telst því 8. desember 1990 skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Ágreiningslaust er, að stefnendur gerðu tilboð í suðuvinnu við lokahús II og III, að fjárhæð 824.000 kr., og skiluðu því verki samkvæmt samningi.

Niðurstaða málsins verður því sú, að reikningur stefnenda verður tekinn til greina á eftirfarandi hátt í samræmi við tilboð þeirra:

2.1.1.	pípa O12.443,8 m	á	1.270	= kr.	15.803.626
2.1.2.	pípa O 842,3 m	–	1.588	= –	1.339.002
2.2.1.	festa 69 stk.	–	62.000	= –	4.278.000
2.2.2.	festa 9 stk.	–	62.000	= –	558.000
2.2.3.	festa 2 stk.	–	62.000	= –	124.000
2.2.4.	festa 2 stk.	–	65.000	= –	130.000
2.2.5.	festa 1 stk.	–	65.000	= –	65.000
2.3.	þanar 84 stk.	–	45.000	= –	3.780.000
2.5.1.	lofttæming, 14 stk.	–	2.500	= –	35.000
2.5.2.	vatnstæming, 12 stk.	–	18.500	= –	222.000
2.7.1.	pípa, plast, 255,6 m	–	1.650	= –	421.740
2.7.2.	festa, plast, 1 stk.	–	38.000	= –	38.000
			Samtals	= kr.	26.794.368
Lokahús II		á	412.000	= kr.	412.000
Lokahús III		á	412.000	= –	412.000
Aukaverk				= –	309.825
			Samtals	kr.	27.928.193

Til frádráttar koma eftirfarandi kröfur stefnda og greiðslur inn á reikning:

Áður greitt	kr.	24.275.012
Lekaprófun	–	162.885
Prýstiprófun	–	581.969
Samtals	kr.	25.019.866

Mismunur á kröfum aðila er þannig óverðbættur 2.908.327 kr. Verðbætur reiknast 1.160.181 kr. Samþykktar kröfur stefnenda eru því 4.068.508 kr., en til frádráttar kemur fæðiskostnaður stefnenda, að fjárhæð 772.536 kr. Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum 3.295.972 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 8. desember 1990 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum 300.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti eins og í dómsorði greinir.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Stanley Pálsson verkfræðingur og Vífill Oddsson verkfræðingur dæmdu mál þetta.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Grétar Sveinsson, greiði stefnendum, Guðmari og Jóni hf., Ásmundi Gústafssyni og Hilmari Snorrasynt, 3.295.927 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 8. desember 1990 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum 300.000 kr. í málskostnað, og beri hann dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
